



Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2024

haldinn að Stórhöfða 29 fimmtudaginn 12.

desember 2024 kl. 17:00

Gísli B. Ívarsson formaður Dalbúa setti fundinn kl. 17:05 í fundarsal Húsi fagfélaganna að Stórhöfða 29 í salnum Snæfell og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður stakk upp á að Ásbjörn Sveinbjörnsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt einróma og að Anna Helgadóttir yrði ritari og var það einnig samþykkt einróma.

Mættir voru:

Gísli B. Ívarsson, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Anna Helgadóttir, Guðbjörg Ingólfssdóttir, Eiríkur Þorláksson, Þorkell Svarfdal Hilmarsson, Snæbjörn Stefánsson, Guðni Elíasson, Árni Valsson, Júlíus Pálsson, Jón Hermannsson, Magnús Gautur Gíslason, Sæmundur Árnason, Helgi Einarsson og Ólafur Pálsson.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

Gísli B. Ívarsson formaður kynnti skýrslu stjórnar (sjá umrædda ársskýrslu sem lögð verður fram í heild sinni á vefsíðu Dalbúa www.dalbui.is)

Í skýrslunni er að finna yfirlit yfir starfsemi klúbbsins á árinu 2024 en jafnframt fylgja henni skýrslur nefnda, mótanefndar og vallarnefndar þar sem gerð er sérstaklega grein fyrir annars vegar mótahaldi sumarsins og eins vinnu við völlinn sjálfan.

Nýliðið rekstrarár gekk nokkuð vel en vegna mikillar bleytu á vellinum í upphafi sumars var opnun vallarins frestað til 31. maí, en þetta árið var það eins og árið á undan 2-3 vikum seinna en í venjulegu árferði. Það að fresta opnun aðeins reyndist okkur ágætlega inn í sumarið en gestir á vellinum í sumar hrósuðu okkur fyrir ástand hans eins og undanfarin ár. Vallarnefndin, Eyjólfur Óli Jónsson og Anthony Karl Flores stóðu sig vel í því að sinna vellinum eins og undanfarin ár. Nokkuð dróst samt að ljúka frágangi flata en því var lokið í byrjun júní en það er 5-6 vikum síðar en verið hefur.

Í sumar auglýstum við nokkuð með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðlum með yfirskriftinni „Fallegi Dalbúi“ og „Það er hagkvæmt að vera félagi í Dalbúa“ og náði það að kynna völlinn nokkuð vel.

Félagsmönnum hefur fjölgað nokkuð á milli ára en í upphafi sumars voru félagsmenn 138 en félagarnir urðu í lok sumars 161. Halda þarf áfram að fá inn nýja féлага en það er ein af forsendum þess að Dalbúi haldi áfram að vaxa og dafna.

18. maí var hinn árlegi vinnudagur haldinn. Mæting var að venju góð, þar sem félagsmenn tóku vel til hendinni. Glompur voru hreinsaðar, vökvunargræjum var komið fyrir, tré gróðursett og bekkir lagaðir svo eitthvað sé nefnt. Helgina áður höfðu nokkrir vaskir félagsmenn mætt og gert skálann tilbúinn fyrir sumarið.

Í haust voru fengnir verktakar til að gata hjá okkur flatir eins og áður. Frekar vætusamt var í sumar og hitastig í lægri kantinum, en þó má segja að völlurinn hafi verið í nokkuð þokkalegu standi. Umfangsmestu úrbótaverkefni sem unnin voru þetta sumarið var að við tókum í notkun tvo slátturóbóta ásamt GPS leiðréttingarstöð til að aðstoða við slátt á 1. og 9. braut, þá hefur verið settur í jörðu rafmagnsstrengur til að halda áfram róbótavæðingunni en við höfum ákveðið að bæta við okkur þriðja róbótanum næsta sumar sem er nokkuð stærri en þeir tveir sem fyrir eru og nær að slá stærra svæði. Þá var tjörnin kláruð alveg og lögð var lokahönd á salernisaðstöðuna úti á vellinum og gamli kamarinn fjarlægður.

Þegar litið er til vélakost Dalbúa þá er hann í þokkalegu standi en keyptur var nýr sanddreifari og sáningarvél, þá telur vallarnefndin að gott væri að fá inn flatarvaltara, eins leggja þeir til að endurnýja tækjakost tímalega til að tryggja örugga rekstur vallarins.

Ekki tókst að hefja uppsetningu vökvunarbúnaðar eins og stóð til að gera, en það bíður næsta sumars og er vallarnefndin með það í undirbúningi. Ráða þarf inn starfsfólk bæði fyrir völlinn og eins skálann og reiknað með að það starfsfólk verði á forræði stjórnar og vallarnefndar. Katrín Erla Kjartansdóttir og Sigga Dóra Matthíasdóttir stóðu vaktina í skálanum okkar sl. sumar og sinntu starfinu með miklum sóma og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra góða framlag.

Ný húsgögn voru keypt í skálann í byrjun sumars og var það gott og þarft framtak, einnig var uppþvottavélin endurnýjuð.

Formaður og varaformaður hafa um nokkurt skeið verið í sambandi við aðildarfélögin vegna stækkunar á aðstöðunni hjá okkur og verður fjallað nánar um það undir liðnum önnur mál.

Golfmót sumarsins voru sjö talsins og heppnuðust þau mjög vel og var þátttaka góð í þeim öllum og þurfti í nokkrum þeirra að ræsta tvöfalt á teigum.

Dalbúabikarnum var svo bætt í mótaskrá sem er 12 holu útsláttarkeppni með fullri forgjöf, þetta var mjög skemmtileg viðbót við mótin okkar. Lokamót Dalbúa var svo sett upp sem bændaglíma og enduðum við starfsárið með grilli og skemmtilegheitum í skálanum. Nánar er fjallað um mót sumarsins í skýrslu mótanefndar.

Í ágúst sendum við karlalið á Íslandsmót golfklúbba 5. deild og fór það fram á Höfn í Hornafirði. Keppendur okkar voru þeir Anthony Karl Flores, Eyjólfur Óli Jónsson, Júlíus Pálsson, Magnús Gautur Gíslason og Oddgeir Sæmundsson og voru þeir félagar okkur til mikils sóma. Dalbúi mun svo halda þetta mót 15.-17. ágúst.

15.-16 júní buðum við upp á golfkennslu og var hún mjög vel sótt, en Örn Ólafsson golfkennari sá um kennsluna og fór hann yfir pútt, járn, stutta spilið og vipp. Munum við klárlega halda áfram að bjóða upp á námskeið.

Anna Helgadóttir ritarinn okkar sá um að gera allar auglýsingar fyrir viðburði hjá okkur og voru þær sérlega glæsilegar og á hún bestu þakkir fyrir. Öll mót og viðburðir voru auglýstir með kostuðum auglýsingum á samfélagsmiðum, þá tókum við í notkun nýja Facebook síðu þar sem gestir geta sett inn efni. Boðið var upp á sérmerktar golfvörur, peysur, golfbolta, handklæði, derhúfur, húfur og tí og hefur þetta mælst vel fyrir.

Fulltrúi okkar mætti á aðalfund HSK.

Einn vinarvöllur bættist við hjá okkur Golfklúbbur Bolungarvíkur. Brugðist hefur verið við athugasemdum sem fram komu í skoðanakönnun sem við kynntum á síðasta aðalfundi, völlurinn er nú kominn með símanúmer og skráður á ja.is

Í sumar rákum við okkur á það í lok sumars að vegna villu í golfboxi hafa einhverjir vinavellir verið að greiða of lágt gjald, þetta er eitthvað sem þarf að lagfæra og tryggja að gerist ekki aftur.

Sótt var um styrk frá Íþróttasjóði vegna róbótavæðingarinnar og er reiknað með svar liggi fyrir núna í desember.

Samið var við Endurskoðun VSK ehf. um umsjón með bókhaldi, og hefur það einfaldað nokkuð starf gjaldkera.

Á styrktarmóti Danco voru tveir félagsmenn heiðraðir þeir Sæmundur Árnason og Jón Þorbjörn Hilmarsson en í ár eru 30 ár frá því að þeir gengu frá samningi um að völlurinn yrði staðsettur í Miðdal. Sæmundur sagði skemmtilega frá því hvernig það atvikaðist.

Páll Ólafsson fyrrv. formaður Dalbúa féll frá á árinu en hann sinnti formennsku 2008-2017. Flaggað var í hálfu stöng á útfarardaginn og hans var minnst á okkar miðlun. Fundarmenn risu úr sætum og minntust hans.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins

Gísli B. Ívarsson fór yfir ársreikninginn sem lagður var fram á fundinum (sjá ársreikning 2024 sem settur verður inn á heimasíðu klúbbsins ásamt skýringum við hann www.dalbui.is)

Rekstrartekjur ársins voru rúmlega 23 m.kr. og rekstrargjöld rúmlega 14,5 m.kr. að teknu tilliti til afskrifta er niðurstaða rekstrar jákvæð um rúmlega 6 m.kr.

Eigið fé í árslok er um 38,4 m.kr. og skuldir nær engar.

Fram kom að góða fjárhagsstöðu má þakka aukinni sölu vallargjalda aukningu í sölu í skála.

Dalbúi á inneign á bankareikningi að upphæð rúmlega 9,4 m.kr. og er því svigrúm til að halda áfram róbótavæðingu vallarins og annara framkvæmda.

Þar sem nýr aðili er nú með bókhaldsvinnu fyrir okkur hafa nokkrar breyttar aðferðir við færslurnar orðið og útskýrði Eiríkur Þorláksson fyrrv. gjaldkeri vel á fundinum í hverju þær liggja meðal annars liggur munurinn á upphæð verðlauna á milli ára er að áður var reynt að verðleggja verðlaun frá styrktaraðilum sem fengust í styrktarmótunum og færa inn sem styrk, en ekki er það gert lengur.

3. Umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar

Almenn ánægja var hjá fundamönnum um ástand vallarins síðast liðið sumar og þann aukna aðgang að vellinum sem skila sér í auknum tekjum til klúbbsins. Fundarmenn voru ánægðir með góða ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni og voru ánægðir með hversu vel væri haldið utanum fjármuni félagsins. *Ársskýrsla og ársreikningur samþykkt samhljóða.*

4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga

Tvær tillögur lágu fyrir fundinum breyting á

14. gr. Aðalfundur hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins. Hann skal halda í nóvember ár hvert, í stað þessa komi:

*Aðalfundur hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins. Hann skal halda í **nóvember/desember** ár hvert. Samþykkt*

15. gr.

Eftirfarandi kafli falli út.

Í fundarlok skal lesa upp fundargerðina og bera hana upp til samþykktar.

Fundargerðin sjal síðan undirrituð af fundarstjóra, fundarritara og viðstöddum stjórnarmönnum og skoðast hún sem rétt sönnunargagn um ákvarðanir fundarins. Samþykkt.

5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og afgreiðslu

Ein munnleg tillaga barst og hljóðar þannig: Tillaga um að fundargerð síðasta aðalfundar verði lesin í upphafi aðalfundar. *Vísað til umfjöllunar í stjórn.*

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár

Af hálfu stjórnar var lagt til að fela stjórn Dalbúa að ákveða árgjöld og önnur gjöld fyrir starfsárið 2025. *Tillagan samþykkt.*

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins

Fundarstjóri tilkynnti að Gísli B. Ívarsson gæfi kost á sér til formanns áfram, ekki bárust önnur framboð og var Gísli endurkjörinn með lófaklappi fundarmanna.

Kjörtímabili tveggja stjórnarmanna sem kjörnir voru til tveggja ára á aðalfundi 2022 rann út, þeirra Önnu Helgadóttur og Helgu Kristínar Sæbjörnsdóttur, en Helga gaf ekki kost á sér til endurkjörs vegna mikilla anna og var Júlíus Pálsson kjörinn í hennar stað, ekki bárust fleiri framboð og eru þau því réttkjörin til tveggja ára setu og var það samþykkt með lófaklappi fundarmanna.

Stjórn félagsins fyrir starfsárið 2025 er því þannig skipuð:

Gísli B. Ívarsson formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Anna Helgadóttir, Guðbjörg Ingólfsdóttir og Júlíus Pálsson.

Varamenn til stjórnar eru kjörnir til eins árs í senn og buðu Bryndís Scheving og Helgi Einarsson sig fram, ekki komu fleiri framboð og þau því endurkjörin. Stjórnin mun svo skipta með sér verkum á fyrsta fundi ársins.

8. Kosning tveggja skoðunarmanns reikninga og eins til vara Stungið

upp á Jóni Þ. Hilmarssynu og Georgi Páli Skúlasyni til vara.

Samþykkt samhljóða.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Stjórn lagði fram, fjárhagsáætlun ársins 2025 til kynningar, þar sem tekið var mið af reynslu nýliðins starfsárs. Í fjárhagsáætluninni var tekið tillit til hækkunar á aðföngum frá síðustu áætlun, en rétt er að fara varlega við gerð fjárhagsáætlunar þrátt fyrir góða stöðu félagsins, en eins og staðan er nú er gert ráð fyrir um 3% hækkun á milli ára.

10. Önnur mál

Varðandi keppni á Íslandsmóti í 5. flokki í ágúst er að mörgu að hyggja og þarfnast hún mikillar skipulagningar og vakti Júlíus athygli á því og taldi að byrja þyrfti á þeirri vinnu sem fyrst, t.d. þarf að fá skjá í skálann þar sem staðan í keppninni kemur jafnóðum fram. Þá þarf að sjá um morgunmat og hádegismat fyrir keppendur og dómara, en aðaldómari kemur frá GSÍ, einnig þarf að bæta æfingaaðstöðuna og er að mörgu að hyggja.

Athuga með að fá aðstöðu á tjaldstæðinu fyrir keppendur og jafnvel að semja við fyrirtæki í nágrenninu að annast veitingar og fleira sem til fellur. Nánar verður fjallað um þetta í stjórninni á næstu fundum.

Golfbíllinn er kominn á tíma og væri vert að athuga hvort hægt sé að leigja golfbíl t.d. hjá bílaleigum sem leigja út golfbíla.

Framtíð 1. brautar

Núverandi staðsetning á 1. brautinni hefur alltaf verið hugsuð til bráðabirgðar og er hún eitt helsta umkvörtunarefni gesta á vellinum. Hefjast þyrfti sem allra fyrst vinnu við lagfæringu á brautinni en hún er hugsuð ofar í brekkunni og þyrfti að moka þar ofanaf og leggja nýja braut það yrði mikil breyting til hins góða á vellinum okkar.

Önnur mál frá stjórn

a) Kaup á tækjum

Vallarnefnd leggur til að keyptur verði stærri róbóti en hinir sem fyrir eru og er áætlaður kostnaður um 4-5 milljónir kr. mun nefndin koma með tillögur til stjórnar varðandi kaupin og eins þarf að skoða stefnu varðandi róbóta hvort þeir slái einungis röff eða flatir eða hvorttveggja.

b) Vökvunarkerfi

Reyna fyrir sumarið að koma upp vökvunarkerfi, en eins og staðan er núna er ekki hægt að vökva nema þrjár flatir samtímis vegna vatnsskorts. Kanna með vatnslögn sem lögð var að Miðdalskoti vegna vatnsskorts þar, en nú hefur kúabúskapur verið aflagður þar og ekki eins mikil vatnspörf, athuga hvort klúbburinn geti komist inn á þessa lögn.

c) Aðstaðan í Miðdal

Eins og áður hefur komið fram hafa formaður og varaformaður verið í sambandi við aðildarfélögin vegna vegna golfskálans, en tilfinnanlega vantar annað salerni

og bættu aðstöðu, en klúbburinn sótti eftir því að fá eitt bíl til leigu í viðbót eftir að ekki var lengur búið í Miðdal, en því var hafnað, en fengum við að setja eitthvað af hlutum inn í hlöðuna. Setja þarf upp áætlun til tveggja eða þriggja ára um hvernig staðið verði að þessu verkefni, en formaður hefur fengið leyfi til að auglýsa skálann til sölu til brottflutnings. Æskilegt væri að koma á fundi formanna Grafíu, RSÍ og VM til að kynna okkar hugmyndir varðandi framtíð skálans og vallarins okkar. Þá má athuga hvort nota megi sömu aðferð og við núverandi skála þ.e.a.s. að félögin reisi húsið og Dalbúi leigi af þeim.

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 18:40

Fundargerð ritaði Anna Helgadóttir